

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Hinn 22. júlí 1983 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á 24. og 25. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) frá 22. júlí 1946 sem gerðar voru 17. maí 1976 á 29. þingi stofnunarinnar og breytingar á 74. gr. stofnskrárinnar sem gerð var 18. maí 1978 á 31. þingi hennar.

Gildistaka breytinganna verður auglýst síðar.

Greinarnar með áorðnum breytingum eru birtar sem fylgiskjöl með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. júlí 1983.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal 1.

Breytingar á 24. og 25. gr. samkvæmt ályktun heilbrigðisþingsins WHA 29.38

24. gr.

Ráðið skipar 31 maður samkvæmt tilnefningu jafnmargra aðila. Heilbrigðisþingið kys þá aðila sem rétt eiga á að tilnefna mann til setu í ráðinu og skal það taka tillit til sanngjarnrar landfræðilegrar skiptingar, að því tilskildu að eigi færri en þrír af þeim aðilum skulu kjörnir frá sérhverri svæðastofnanna sem stofnaðar eru samkvæmt 44. gr. Sérhver þessara aðila skal tilnefna í ráðið mann sem er sérfróður um heilbrigðismál og mega varamenn og ráðgjafar vera í fylgd með honum.

25. gr.

Aðilar þessir skulu kjörnir til þriggja ára og má endurkjósa þá, að því tilskildu að af þeim ellefu aðilum sem kjörnir eru á fyrsta fundi heilbrigðisþingsins sem haldinn er eftir gildistöku breytingarinnar á stofnskrá þessari þar sem aðilum ráðsins er fjölgað úr þrjátíu í þrjátíu og einn skal kjörtímabil viðbótaraðilans sem kjörinn er vera, eftir því sem nauðsyn krefur, skemmra til þess að auðvelda megi kjör að minnsta kosti eins aðila frá sérhverri svæðastofnun ár hvert.

Fylgiskjal 2.

Breyting á 74. gr. samkvæmt ályktun heilbrigðisþingsins WHA 31.18

74. gr.

Arabíski, enski, franski, kínverski, rússneski og spænski texti stofnskrár þessarar skulu teljast jafngildir.

Amendments to Articles 24 and 25 in accordance with World Health Assembly resolution WHA 29.38

Article 24

The Board shall consist of thirty-one persons designated by as many Members. The Health Assembly, taking into account an equitable geographical distribution, shall elect the Members entitled to designate a person to serve on the Board, provided that of such Members, not less than three shall be elected from each of the regional organizations established pursuant to Article 44. Each of these Members should appoint to the Board a person technically qualified in the field of health, who may be accompanied by alternates and advisers.

Article 25

These Members shall be elected for three years and may be re-elected, provided that of the eleven members elected at the first session of the Health Assembly held after the coming into force of the amendment to this Constitution increasing the membership of the Board from thirty to thirty-one the term of office of the additional Member elected shall, insofar as may be necessary, be of such lesser duration as shall facilitate the election of at least one Member from each regional organization in each year.

Amendment to Article 74 in accordance with World Health Assembly resolution WHA 31.18

Article 74

The Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts of this Constitution shall be regarded as equally authentic.